

# Hátíð hafsins

Laugardaginn 2. júní 2018  
Siglingafélag Reykjavíkur – Brokey  
Ingólfsgarði

## TILKYNNING UM KEPPNI

### 1 REGLUR

Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í Alþjóða kappsiglingareglum, kappsiglingafyrirmælum SÍL og kappsiglingafyrirmælum mótsins.

### 2 HLUTGENGI OG ÞÁTTTAKA

2.1 Mótið er opið öllum kjölbátum

2.2 Hlutgenga báta má skrá með því að senda tölvupóst á skraning@brokey.is fyrir 31. maí 2018. Í tölvupóstinum skal taka fram nafn báts, nafn skipstjóra, fjölda áhafnar meðlima, seglanúmer og félag sem keppt er fyrir.

### 3 ÞÁTTTÖKUGJALD

Ekkert þáttökugjald.

### 4 TÍMAÁÆTLUN

4.1 Skráning:

Skrá skal þátttöku fyrir 31. maí 2018.

4.2 Á keppnisdegi 2. júní 2018:

Skipstjórnarfundur í félagsheimili Brokeyjar á Ingólfsgarði kl. 13:00.

Viðvörðunarkerki kl. 13:55.

### 5 MÆLINGAR

Leggja skal fram gilt IRC-forgjafarskírteini fyrir hvern bát.

### 6 SIGLINGAFYRIRMÆLI

Siglingafyrirmælin verða veitt á skipstjórafundinum.

### 7 KEPPNISSVÆÐI

Keppt verður á sundunum við Reykjavík. Ef ræst er innan Reykjavíkurhafnar er eðlileg stefna beint út um hafnarkjaftinn. Bátar skulu ekki lúffa (regla 11) eða beita kappsiglingareglum með öðrum hætti til að sigla í veg fyrir aðra eða neyða þá til stefnubreytingar að óþörfu heldur sigla beint út um hafnarkjaftinn og gefa öðrum rúm til þess sama. Þegar aftasti hluti aftari báts, eða báta sem skarast, er kominn út fyrir hafnarkjaftinn þá gilda kappsiglingareglurnar með eðlilegum hætti.

**8 BRAUT**

Brautin verður tilkynnt á skipstjórafundi

**9 FJARSKIPTI**

Bátar skulu ekki hafa samskipti með talstöð sem ekki eru aðgengileg öllum meðan þeir keppa nema í neyðartilvikum. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma. Keppisstjórn notar rás 6 til samskipta

**10 VERÐLAUN**

Veitt verða verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin

**11 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR**

Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur

**12 TRYGGINGAR**

Hver bátur skal vera tryggður með gildri ábyrgðartryggingu.

**13 FREKARI UPPLÝSINGAR**

Frekari upplýsingar eru veittar í skraning@brokey.